

6.tbl.

2. mars. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Dalakofinn á Laugum leitast eftir að ráða fólk til starfa til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Bæði óskum við eftir fólki í heilsársstöður og til tímabundinna ráðninga yfir sumarmánuðina.

Í heilsársstöðu leitumst við eftir að ráða fólk í ýmis eldhússtörf, sem inniheldur m.a. að undirbúa og matreiða rétt dagsins og sinna pöntunum í eldhúsi. Full staða í boði, með vinnutíma kl 8-16 á virkum dögum. Þó er einnig mögulegt að semja um styttri og/eða sveigjanlegri vinnutíma. Þar að auki leitumst við eftir starfsmanni í þjónustustöðu sem þjónn í sal og afgreiðslu í verslun.

Yfir sumarmánuðina vantar okkur starfsfólk bæði til eldhússtarfa og í þjónustustörf, sem þjónn í sal og til afgreiðslu í verslun. Einnig óskum við eftir að ráða ungt starfsfólk í hlutastöður í uppvask.

Krafa er að viðkomandi sé reyk- og tóbakslaus.

Umsókn með ferilskrá og meðmælum sendist á
netfangið: dalakofinn@dalakofinn.is.



Háls-Ljósavatns-og Lundarbrenkusóknir

Kyrrðarstund við orgeltóna sunnudaginn
6.mars kl.,20.00 í Þorgeirskirkju.
Það er gott að koma í Guðs hús og kyrra hugann.

Á sunnudaginn munum við einnig
biðja sérstaklega fyrir stríðshrjáðum,
og biðjum þess að friður megi komast á í Úkraínu.
Allir velkomnir

Í Guðs friði
sr.Gunnar Einar Steingrímsson

VETRARHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN

HEIMA MILLI HELGA

Föstudagur 4. mars

16:30 **Hópreið** um Mývatn, frá Sel-Hóтели. Allir velkomnir!

20:00 **Barsvar** fyrir lengra komna í Jarðböðunum!

Laugardagur 5. mars

10:00-16:00 **Mývatn Open**, Stakhólstjörn.

12:00 **Mývatnssledinn**. Á Álftabáru.

13:00-16:00 **Lærðu að dorga** með Veidifélagi Mývatns.

Gengið út á ísinn til móts við Icelandair Hotel.

14:00-17:00 **Kaffihlaðbord** á Sel-Hóтели.

21:00 **Partý í Gamla**

bænum! Jónas og Arnþór lofa þrusu stemmingu. Frítt inn.

Sunnudagur 6. mars

13:00-16:00 **Lærðu að dorga** með heimamönnum á Vestmannsvatni.

Gengið út á ísinn við Vestmannsvatn Guesthouse.

14:00-16:00 **Vetrargaman á Stakhólstjörn**. Gledi og glens með foreldrafélaginu - Gripið skautana með!

Mánudagur 7. mars

16:00-18:00 **Velkomin í heimsókn** í hesthúsið á Torfunesi. Teymt undir fyrir áhugasama!

19:30 **Félagsvist** í félagsheimilinu Breiðumýri.

Þriðjudagur 8. mars

16:30-18:30 Frítt

skídagöngunámskeið fyrir heimamenn! Mæting við Sel-Hóтели. Skráningar sendast á asdis@myvatn.is

Miðvikudagur 9. mars

16:30-18:30 Frítt

skídagöngunámskeið fyrir heimamenn! Mæting við sundlauginu á Laugum.

18:00-20:00 **Tónlist og fjör**

í Sundlauginni á Laugum.

Skráningar sendast á asdis@myvatn.is

20:30-21:30 **Lærðu að klifra**

á nýjum klifurvegg í Íþróttamidstöð Skútustadahrepps.

19:30 **Félagsvist**

í félagsheimilinu Skjólbrekku.

Fimmtudagur 10. mars

15:30-17:30 **Velkomin í heimsókn**

í fjósið og fjárhúsin á Stórutjörnum.

16:30-18:30 Frítt

skídagöngunámskeið fyrir heimamenn! Mæting á bilaplan Skógræktarinnar í Vaglaskógi.

Skráningar sendast á asdis@myvatn.is.

18:00-20:00 **Tónlist og fjör** í Sundlauginni á Laugum.

Föstudagur 11. mars

11:00 **Íslandsmeistaramót Sledahundaklúbbs Íslands**.

Hjá Snow Dogs í Vallholti.

19:00-21:00 **Föstudagsfjör** í Jarðböðunum.

Laugardagur 12. mars

10:00-16:00

Íslandsmeistaramót í

Snjókrossi. Í Kröflu. Keppni hefst kl. 12:00

10:00 **Íslandsmeistaramót Sledahundaklúbbs Íslands**.

Hjá Snow Dogs í Vallholti.

13:00-16:00 **Lærðu að dorga**

með veidifélagi Mývatns.

Gengið út á ísinn til móts við Icelandair Hotel.

20:00 **Valdimar**

í Skjólbrekku. Midasala við hurð.

21:00 **Partý í Dalakofanum!**

Jónas og Arnþór lofa þrusu stemmingu. Frítt inn.

21:30 **Einar Höllu** trúbador spilar í Vogafjösi. Frítt inn.

Sunnudagur 13. mars

11:00-15:00 **Bænda- og handverks markaður**

í félagsheimilinu Breiðumýri hjá Laugum. Kvenfélag Reykdæla verður með Kaffi og vöfflur til sölu.

13:00-16:00 **Lærðu að dorga** með heimamönnum á Vestmannsvatni.

Gengið út á ísinn við Vestmannsvatn Guesthouse.

14:00-17:00 **Fjölskyldudagur í Vaglaskógi** í Stóra-Rjóðri. Kaffisala fyrir ferðsj.

Stórutjarnaskóla.

14:00-15:00 Tilsögn í skídagöngu.

15:00-17:00 Skídaleikir og gaman fyrir börn og fullorðna.

Tilboð í gistingu og afþreyingu og nánari upplýsingar um viðburði má finna á WWW.VETRARHATID.COM





HÚSASMÍÐJAN

Söluskrifstofa á Húsavík

Höfum opnað
söluskrifstofu okkar
að Norðurgarði 4.

Verið velkomin

Afgreiðslutími

Virka daga: 08:00 - 12:00

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi
tekur vel á móti ykkur

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659
Netfang: nonnith@husa.is



Auglýsing um skipulagsmál í Skútustaðahreppi Skipulags- og matslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 23. mars 2022 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér skilgreiningu efnistökusvæðis í landi Garðs þar sem áætlað er að taka 120.000 m³ af efni á 4,4 ha svæði.

Skipulags- og matslýsingin verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is og á skrifstofu sveitarfélagsins. Skipulags- og matslýsingin er auglýst með umsagnarfresti frá og með 28. febrúar til og með 21. mars 2022. Umsagnir við lýsinguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@skutustadahreppur.is

f.h. Skútustaðahrepps
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

ÞJÁLFI



Aðalfundur

Hestamannafélagsins Þjálfur
verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022 klukkan 20:00
í Dalakofanum.

Venjuleg aðalfundarstörf
Gerð verða upp árin 2019, 2020 og 2021.

Nýir félagar velkomnir.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Þjálfur